

MANNLÝSINGAR

I. Teiknið myndir eftir lýsingunum. Notið orðabækur ef þið skiljið ekki öll orðin:

1 Þar næst sat maður í gylltum söðli. Sá var í skarlatskyrtli rauðum og hafði gullhring á hendi og var hnýtt gullhlaði um höfuð honum. Sá maður hafði gult hár og liðaðist allt á herðar niður. Hann var ljóslitaður og liður á nefi og nokkuð hafið upp framan nefið, eygður allvel, bláeygur og snareygur og nokkuð skoteygur, ennibreiður og fullur að vöngum. Hann hafði brúnaskurð á hári og hann var vel vaxinn um herðar og þykkur undir hönd. Hann hafði allfagra hönd og sterklegan handlegg og allt var hans látbragð kurteislegt og því orði lýk ég á að ég hefi engan mann séð jafnvasklegan að öllu. Hann var og unglegur maður svo að honum var ekki grön vaxin. (*Laxdæla*)

2 Egill Skallagrímsson var mikilleitur, ennibreiður, brúnamikill, nefið ekki langt en ákaflega digurt, granstæðið vítt og langt, hakan breið furðulega og svo allt um kjálkana, hálsdigur og herðimikill svo að það bar frá því sem aðrir menn voru, harðleitur og grimmgur þá er hann var reiður. Hann var vel í vexti og hverjum manni hærri, úlfgrátt hárið og þykkt og varð snemma sköllóttur. [...] Egill var svarteygur og skolbrúnn. (*Egils saga*)

3 Hann [Gunnar á Hlíðarenda] var mikill maður vexti og sterkur og allra manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut ef hann vildi og hann vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Hann skaut manna best af boga og hæfði allt það er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur. Og eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafið upp í framanvert, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur. Hann var vel auðigur að fé. (*Brennu-Njáls saga*)

4 Hvað hennar líkamans skapnað áhrærir þá var hún með meðalhæð, nett og nokkuð fattvaxin, og þess vegna framsett, með ljósléitt og hrokkið höfuðhár með hofmannsvikum. Hafði verið smáfellð og andlitsfríð þar til bólusótt ein 1736 afskræmdi hana mikið. Hún var ennisbreið með höfðinglegu yfirbragði, létteygð með lítið nef, nokkuð þykkt að framan, slétta og rauða kinn, litlum og varaþunnum munni með lítilli höku með skarði dálitlu í. Hennar brjóst voru lítil, útlimir og öll bein smá, hendur mjóar og jafnbreiðar fram með litlum nöglum, rist og ilvegur jafnbreiðari að framan. Hún hafði mikið aðsópsmikinn og fallegan svip að sjá eftir henni á bak eftir og að öllu góðmannlegan ættarsvip að framanverðu. (*úr Ævisögu Jóns Steingrímssonar*)

MANNLÝSINGAR

II. Lýsið ítarlega útliti, persónuleika og fasi þeirra einstaklinga sem eru á myndunum. Lýsið einnig einhverjum sem þið þekkið. Þið getið líka klippt út myndir úr dagblöðum og/eða tímaritum. Notið einhver þeirra hugtaka sem er að finna á næstu síðum.





MANNLÝSINGAR

11. Lýsið ítarlega útliti, persónuleika og fasi þeirra einstaklinga sem eru á myndunum. Lýsið einnig einhverjum sem þið þekkið. Þið getið líka klippt út myndir úr dagblöðum og/eða tímaritum. Notið einhver þeirra hugtaka sem er að finna á næstu síðum.





MANNLÝSINGAR

III. Að búa til persónu – skemmtilegur leikur

Hægt er að lýsa fólki á margvíslegan hátt. Það er til dæmis hægt að lýsa útliti, háralit, andlitsfalli, höndum og fótum. Einnig er hægt að lýsa persónueinkennum fólks á ýmsan hátt. Hér fyrir neðan eru ýmis hugtök sem nota má við lýsingar á fólki. Búið nú til persónu.

Hér fyrir neðan er margflötungur með tólf hliðum. Útbúið nú nokkra slíka. Á einn getið þið sett hugtök yfir hár, á þann næsta yfir augu. Á aðra getið þið sett hugtök yfir fætur hendur og almennt útlit. Síðan getið þið útbúið fleiri tólflötunga og skrifað á þá hugtök yfir ýmis persónueinkenni. Veljið hugtök af listunum hér fyrir neðan. Kastið síðan upp tólflötungunum og sjáið hvað hugtök koma upp. Hvernig væri persónan sem bæri með sér þessi einkenni? Það gæti til dæmis komið upp persóna sem er fagurhærð, stóreyg, kiðfætt, skjálfhent, mjóleit og þrúðbúin. Þessi persóna gæti líka verið fámál, fúllynd, skynsöm og sjálfánægð, víðfræg og ósvífin.

Gaman væri síðan að leika þessa persónu eða teikna.

Gott er að nokkrir krakkar vinni saman að þessu verkefni því það tekur svo litla stund að klippa og líma saman tólflötunginn. Athugið að best er að skrifa hugtökin á hliðarnar áður en þið límið hann saman.

Útlitseinkenni

Hár

dökkhærður	rauðhærður
fagurhærður	síðhærður
fagurlokkaður	skolhærður
gljálokkaður	slétthærður
hárfagur	snögghærður
hárprúður	stutthærður
hrokkinhærður	svarthærður
krullhærður	þykkhærður
ljóshærður	

Augu

bláeygður	hýreygður
dökkeygður	þíreygður
fagureygður	rangeygður
fráneygður	snareygður
glóeygður	stóreygður
gráeygður	svarteygður
græneygður	úteygður

Hendur

fingrafimur
handleggjalangur
handsmár
handsterkur
mjúkhentur
skjálfhentur
stórhentur

Fatnaður

fagurbúinn
kappklæddur
léttklæddur
þrúðbúinn
skjólgóður
slitsterkur
vandaður
þunnklæddur

Fætur

fljótur á fæti	skreflangur
fótfimur	skrefstuttur
fótfrár	smáfættur
háfættur	sporléttur
hjólbéinóttur	stutfættur
kiðfættur	tindilfættur
skjófær	

Útlit

ábúðarfullur	mjóleitur
breiðleitur	riðvaxinn
brosleitur	skarpleitur
brosildur	skuggalegur
brúnaþungur	toginleitur
fölleitur	vambdigur
herðabreiður	vangaþunnur
kinnfiskasoginn	veimiltítulegur
langleitur	

MANNLÝSINGAR

Persónueinkenni og fas

Rómur, mælska

djarfmæltur
fámáll
flugmælskur
hraðmæltur
margorður
málfimur
orðmargur
sterkrómaður
sætmáll

Mont

digurbarkalegur
drýldinn
hnakkabrattur
rogginn
sjálfsánægður

Viska, fákænska

djúpúðugur
fákænn
fjölvitur
íhugull
skynsamur

Ráð

illráður
ráðagóður
ráðsnjall

Lunderni

bráðlyndur	illviljaður
bráður	jafnlyndur
draumlyndur	kaldlyndur
duttlungafullur	léttúðugur
fáskiptinn	ljúfur
fúllyndur	rellinn
gláðvær	sérsinna
góðlyndur	skapfastur
grimmlyndur	stirðlyndur
göfuglyndur	sveimhuga
hranalegur	trygglyndur
hugþekkur	uppstökkur
hverflyndur	þýðlyndur
hæglátur	örgeðja

Frægð og frami

framagjarn
metnaðargjarn
nafnfrægur
víðfrægur

Framkoma, skap

aðsópsmikill	kappsamur
afskiptasamur	mannblendinn
ástríðufullur	mélkisulegur
deilugjarn	rolulegur
fasmikill	skörulegur
félagslyndur	stimamjúkur
gustmikill	þegjandalegur
háttprúður	þóttafullur
hlédrægur	


Hugrekki

djarfur
hjartaprúður
hugdjarfur
kjarkmikill
stórhugaður

Reiði, undirferli

brögðóttur
illgjarn
lævís
ósvífinn
reiðigjarn
vonskufullur

MANNLÝSINGAR



MANNLÝSINGAR

Teiknið mynd af Jónasi Hallgrímssyni

Því miður er ekki til ljósmynd af Jónasi Hallgrímssyni. Hugmyndir okkar um útlit Jónasar eru byggðar á teikningum sem til eru af honum.

Konráð Gíslason, vinur Jónasar, lýsti útliti hans á eftirfarandi hátt í eftirmælum sem birtust í tímaritinu Fjölni.

„Jónas var gildur meðalmaður á hæð, þrekvaxinn og limaður vel, en heldur feitlaginn á hinum seinni árum sakir vanheilsu, vel rjettur í göngu, herðamikill, baraxlaður, og nokkuð hálsstuttur, höfuðið heldur í stærra lagi, jarpur á hár, mjúkhærður, lítt skeggjaður og dökkbrýnn. Andlitið var þekkilegt, karlmannlegt og auðkennilegt, ennið allmikið, og líkt því, sem fleiri enni eru í hans ætt. Hann var rjettnefjaður og heldur digurnefjaður, granstæðið vítt, eins og opt er á Íslendingum, og vangarnir breiðir, kinnbeinin ekki eins há og tíðast er á Íslandi, munnurinn fallegur, varirnar mátulega þykkvar; hann var stóreygður og móeygður, og verður því ekki lýst, hversu mikið fjör og hýra var í augum hans, þegar hann var í góðu skapi, einkum ef hann ræddi um eitthvað, sem honum þótti unaðsamt um að tala.“

Reynið nú að teikna mynd af Jónasi eftir lýsingu Konráðs.

